

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Hjalladæl, deiliskipulag íbúðarbyggðar Eyrarbakka.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 6. mars 2024, tillögu að deiliskipulagi sem tekur til íbúðabyggðar í Hjalladæl á Eyrarbakka. Afmörkun deiliskipulagstillögu tekur til um 6 ha svæðis þ.e. núverandi byggðar norðan Túngötu 20-66 og svæði í framhaldi af Hjalladæl, bæði til austurs og vesturs. Gert er ráð fyrir að Hjalladæl lengist til vesturs að Bárðarbrú og einnig til austurs. Tillagan gerir ráð fyrir að til verði 5 nýjar lóðir fyrir þriggja íbúða raðhús, 8 lóðir fyrir parhús og 6 lóðir fyrir einbýlishús, þ.e. 15 íbúðir í raðhúsum, 16 íbúðir í parhúsum og 6 íbúðir í einbýlishúsum, samtals 37 nýjar íbúðir. Þá eru skilgreindar lóðir og byggingarreitir á lóðum norðan Túngötu á milli lóða nr. 20 til 66 og gerð grein fyrir byggingarmagni á þeim lóðum, í töflu 1.1. á uppdraetti. Í gildi eru, skv. skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar, á skipulagssvæðinu, annars vegar deiliskipulag svæðis 2, sem samþykkt var í hreppsnefnd Eyrarbyggðar 13. maí 1989 og hins vegar deiliskipulag fyrir Hjalladæl, samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 14. júlí 2004, sem falla úr gildi við gildistöku nýrrar deiliskipulagstillögu. Búið er að byggja á flestum lóðunum ef undan eru skildar tvær vestustu lóðirnar norðan Túngötu á svæði 2.

Ofangreind deiliskipulagstillaga hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 29. maí 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. maí 2024